# Ljóðasýning Þórarins Eldjárns

Þórarinn Eldjárn opnaði um helgina sýningu á ljóðum sínum á Kjarvalsstöðum og var þar margt góðra gesta.

Á meðal þeirra má nefna Vigdísi Finnbogadóttur, forseta Íslands, Davíð Oddsson forsætisráðherra og Hrafn Gunnlaugsson kvikmyndagerðarmann.

Þórarinn las úr verkum sínum fyrir gestina, en ljóðabækur hans eru nú orðnar sjö talsins, auk skáldsagna og smásagna.

Þórarinn er sagður yrkja jöfnum höndum í hefðbundnu og óbundnu formi, en stíll hans einkennist af háði, óvæntri kímni og oft á tíðum ádeilu.



Halldóra Ingólfsdóttir Eldjárn ásamt Þórarni syni sínum, Unni tengdadóttur sinni og barnabörnunum Ara og Halldóri. DV-myndir JAK



Þórarinn ásamt eiginkonu sinni og vinum. F.v. Edda Kristjánsdóttir, eiginkona Hrafns, Hrafn Gunnlaugsson kvikmyndagerðarmaður, Þórarinn, Unnur Ólafsdóttir, veðurfræðingur og eiginkona Þórarins, Ástríður Thorarensen, eiginkona Davíðs Oddssonar forsætisráðherra sem stendur við hlið hennar.

## Hundar í augnskoðun

Danski dýralæknirinn Ib Engelhard kom hingað til lands ásamt kollega sínum, Jens Erik Sønderup, fyrir stuttu til þess að athuga útbreiðslu ákveðins augnsjúkdóms í hundum hér á landi.

Er þá átt við svokallaða sjónurýrnum sem erfist á milli kynslóða og getur valdið blindu. Ib skoðaði um eitt hundrað hunda og flutti hér fyrirlestur um arfgenga augnsjúkdóma í hundum.



Ib Engelhard skoðar hér augun á Labba Trölla á meðan eigandi hans, Sigurður Hilmarsson, fylgist með. DV-mynd RASI











GRUNDIG

*vestur-þýsk hágæða litsjónvörp – frábært verð*
*S-VHS litsjónvarp með fjarstýringu*
*NICAM-STEREO, 2x20 W, textavarp, 2xScart tengi*
*S-VHS tengi, CTI (skarpari litir)*

25" (ST 63-660) kr. 85.455,- stgr.
28" (ST 70-660) kr. 89.950,- stgr.

21" mono (TSS-440) kr. 48.555,- stgr.
25" mono (T63-430) kr. 63.950,- stgr.
28" mono (T70-440) kr. 71.910,- stgr.

*Einkaumboð á Íslandi fyrir*
GRUNDIG

5 ára ábyrgð á myndlampa

*Opið laugardag kl. 10–16.*

SJÓNVARPSMIÐSTÖÐIN HF.
Síðumúla 2 – sími 68-90-90